

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
1. Inngangur	2
2 Verkefnið.....	4
3 Framtíðarsýn 2010.....	6
4 Samanteknar niðurstöður.....	7
5 Núverandi staða.....	8
6. Markmið, leiðir og aðgerðir	10
6.1 Uppbygging barna- og unglingastarfs	10
6.2 Breytt skipulag afreksíþróttastarfs	11
6.3 Bætt uppbygging og aðstaða fyrir almenningsíþróttir innan íþróttafélaganna.	13
6.4 Fjárhagslegt rekstrarumhverfi íþróttafélaga	14
Viðauki.....	16

1. Inngangur

Við lifum á skemmtilegum og spennandi tímum. Ýmislegt sem áður gat eingöngu gerst í vísindaskáldsögum er orðið hluti af raunveruleikanum. Atburðarásin er svo hröð að tæpast verður fylgst með breytingunum. Við erum allt í einu stödd í nýrri veröld. Foreldrar verða að leggja mikla vinnu og fyrirhöfn í að setja sig inn í þann heim sem börnin þeirra þekkja og finnst eðlilegur. Meiri breytingar urðu á þjóðfélaginu á einum áratug í lok 20. aldar en á fyrstu 50 árum sömu aldar.

Eðlilega breytast tómstundir og áhugamál fólks samhliða öðrum breytingum. Með bættum kjörum, breyttu mati á lífsgæðum og breyttu umhverfi fer fólk að verja meiri tíma en áður til tómstundastarfs. Mun meiri fjölbreytni einkennir framboð á tómstundastarfi í dag en fyrir nokkrum árum og áratugum. Þátttakendur í því verða að skipuleggja tíma sinn mun betur en áður og þeir koma víðar við.

Fyrir á árum byggðist íþróttastarf fyrst og fremst á áhuga. Áhuga iðkenda sem leituðu í ákveðnar íþróttir af eigin frumkvæði og voru tilbúnir að starfa að íþrótt sinni jafnframt því að iðka hana. Áhuga þeirra sjálfboðaliða sem tóku að sér rekstur íþróttafélaganna með ómældu vinnuframlagi til að gera öðrum kleift að stunda íþróttir. Áhuga sveitarfélagsins á að sinna séróskum hluta íbúanna og loks áhuga stjórnenda einstakra fyrirtækja til að styrkja sitt gamla íþróttafélag.

Mú til dags eru gerðar miklar kröfur til íþróttastarfs. Fólkið í samfélaginu í dag krefst þess að eiga völ á að iðka íþróttir. Fólk krefst þess að það sjálft og börnin þess geti iðkað íþróttir. Iðkendur krefjast þess að þeim sé búin aðstaða til að stunda íþrótt sína. Þeir krefjast þess að stjórnendur félaga og sjálfboðaliðar sinni þörfum þeirra, oftast án þess að þeir þurfi sjálfir að leggja hönd á plóginn. Margir þessara iðkenda eru nú farnir að krefjast þess að sjálfboðaliðarnir útvegi fjármagn til að borga þeim fyrir að stunda íþróttina, svo ekki sé talað um þann búnað sem til þarf. Almenningskrefst árangurs af íþróttafólkinu. Auglýsendur krefjast athyglisverðra íþróttaviðburða sem eru sendir út í sjónvarpi.

Þess sjást merki að fyrirkomulag og skipulag íþróttastarfs í borginni stendur ekki undir þessum kröfum. Sífelld færri stjórnendur og sjálfboðaliðar fást til starfa við það. Það er einnig ljóst að íþróttastarfi í núverandi umfangi, hvað þá auknu, verður ekki haldið úti án öflugs sjálfboðastarfs. Íþróttafélögin búa við skipulag sem á rætur að rekja langt aftur í tímann.

Undanfarin ár hafa stjórnendur félaganna í besta falli haft bolmagn til að halda í horfinu. Því hafa ÍBR og ÍTR tekið að sér að leiða umræðu um breytt skipulag íþróttamála í borginni í góðu samstarfi við félögin. Þannig hefur ÍBR m.a. gefið út ítarlega íþróttanámsskrá sem íþróttanámsskrár einstakra félaga eru miðaðar við. Í þessari skýrslu er reynt að draga fram möguleikana á skipulagi og uppbyggingu íþróttastarfs félaganna í Reykjavík. Mörgum tillögum sem hér koma fram er hægt að hrinda strax í framkvæmd án mikils tilkostnaðar en aðrar þurfa nánari umræður og úrvinnslu.

Sú framtíðarsýn í íþróttamálum Reykjavíkur sem lýst er í þessari skýrslu gengur m.a. út á samþættingu skóla-, íþrótta- og tómstundastarfs til að laða fram það besta í fólki. Það er gert ráð fyrir að bæta aðstöðu almennings og afreksfólks til að íþróttaiðkun almennings verði sú mesta í Evrópu og að reykvískt afreksfólk verði í fremstu röð í heiminum. Þetta eru metnaðarfull markmið og því er nauðsynlegt að standa þannig að málum að þeir sem hagsmuna eiga að gæta stilli saman strengi sína og nýti fjármuni og starfskrafta sem best.

2. Verkefnið

Í ljósi aukinna krafna samfélagsins til íþróttahreyfingarinnar, þess að sífellt stærri hluta borgarbúa stundar íþróttir og kalls skipulagsyfirvalda eftir nýjum hugmyndum er þörfin fyrir umræður um breytt skipulag íþrótta í borginni orðin knýjandi. Raunar eru breytingarnar þegar hafnar, en gallinn á þeim er að þar er hvorki tekið tillit til heildarhagsmuna né eru þær meðvitaður hluti af framtíðarsýn fyrir íþróttir í borginni.

Að frumkvæði Íþrótta- og tómstundaráðs voru samþykktar tillögur um úttekt á rekstri og aðstæðum íþróttafélaga í borginni. Tillögurnar voru svohljóðandi:

„Íþrótta- og tómstundaráð samþykkir að óska eftir samvinnu við ÍBR um að gerð verði úttekt á rekstrarumhverfi íþróttafélaganna í borginni og að kannað verði á hvern hátt styrkveitingar borgarinnar komi að bestu gagni. Jafnframt verði kannað á kerfisbundinn hátt hvernig staðið er að styrkveitingum til íþrótta- og æskulýðsfélaga í stærri borgum á Norðulöndum.”

„Íþrótta- og tómstundaráð samþykkir að gerð verði úttekt, í samvinnu við ÍBR á því hvaða íþróttagreinar búi við skert starfsskilyrði og hvaða leiðir séu til úrbóta.”

Nefndin hittist öll 19. mars 1999 og skipti með sér verkum. Þannig urðu til tvær nefndir, mannvirkjanefnd (M), sem átti að ræða og kanna íþróttamannvirki, ástand þeirra og þörf fyrir þau, og rekstarnefnd (R), sem ætlað var að kanna rekstur íþróttafélaga, ástand og horfur og kynna sér sérstaklega það sjálfbóðastarfs, sem í gangi er. Í forsvari fyrir þessum tveim nefndum voru Kristinn Jörundsson (M) og Björn H. Jóhannesson (R).

Fulltrúar í nefndunum voru eftirtaldir:

Mannvirkjanefnd:

Egill Jóhannsson	Ármanni
Örn Hafsteinsson	Fylki
Sigurður Friðriksson	Fram
Kristinn Jörundsson	ÍBR
Snorri Hjaltason	ÍTR/ÍBR
Ómar Einarsson	ÍTR

Rekstrarnefnd:

Örn Steinsen	KR
Þór Símon Ragnarsson	Víkingi
Jón Þorbjörnsson	Fjölni
Hafsteinn Lárusson	Val
Guðmundur G. Ólafsson	ÍR
Guðmundur Vigfússon	Þrótti
Björn H. Jóhannesson	ÍBR
Kolbeinn Pálsson	ÍBR
Vanda Sigurgeirsdóttir	ÍTR

Auk skipaðra nefndarmanna tóku eftirtaldir þátt í störfum vinnuhópanna.

Birgir Örn Birgisson	Ármanni
Frímann A. Ferdinandsson	ÍBR
Gunnar Guðmundsson	KR
Hjördís Guðmundsdóttir	ÍBR
Reynir Ragnarsson	ÍBR
Sigurður Þorvaldsson	Þrótti
Svava Oddný Ásgeirsdóttir	ÍBR

Báðar nefndirnar sendu spurningalista til íþróttafélaganna til að fá upplýsingar frá fyrstu hendi. Talsverðan tíma tók að fá svör þar eð komið var fram á sumar þegar listarnir voru sendir út.

Að loknum sumarleyfum var hafist handa á ný af fullum krafti undir leiðsögn Sævars Kristinssonar, ráðgjafa, sem fenginn var til verksins sem sérfræðingur í stefnumótunarvinnu. Er hér var komið við sögu höfðu nefndirnar víkkað verkefnið út í að greina stöðu íþróttar í borginni, styrk og veikleika, ógnanir og tækifæri. Loks var horft til framtíðar og reynt að gera sér grein fyrir hvernig íþróttamálum yrði best háttað í borginni árið 2010.

Þar með má segja að hópurnir hafi ákveðið að útfæra verkefnið enn frekar og fara í ítarlegri stefnumótun og framtíðarsýn en upphaflegar tillögur gerðu ráð fyrir. Þannig var ákveðið að horfa á málefni íþróttar-, félags- og tómstundastarfs í víðara samhengi og til lengri tíma.

Skýrslan er því ekki hugsuð sem óskalisti eða kröfugerð vegna einstakra framkvæmda heldur sem innlegg í þá umræðu sem ávallt þarf að vera í gangi í takt við breytta samfélagsþætti. Skýrsla þessi er ætluð Íþróttabandalagi Reykjavíkur og Íþrótt- og tómstundaráði Reykjavíkur sem leiðarljós í frekari vinnu og samstarfi þessara aðila við að móta stefnu í þessum víðfeðma málaflokki inn í nýja öld.

Þá boðaði stjórn ÍBR borgarráð til fundar og skoðanaskipta um málefni ÍBR og íþróttafélaganna í borginni. Unnið hefur verið á kerfisbundinn hátt að athugun á því hvernig staðið er að styrkveitingum til íþrótt- og æskulýðsfélaga í stærri borgum á Norðurlöndum. Niðurstöður úr þeirri athugun verða kynntar síðar.

Þegar nefndirnar höfðu skilað af sér þessum upplýsingum, tók við ströng vinna forsvarsmanna þeirra ásamt Sævari Kristinssyni og nýjum framkvæmdastjóra ÍBR, Frímanni Ara Ferdinandssyni, við að raða upplýsingunum saman í heildstæða og metnaðarfulla stefnu til ársins 2010. Það er þó lykilatriði að gera sér grein fyrir því að stefnumótun sem þessi þarf stöðugt að vera í endurskoðun og miðast við breyttar aðstæður í þjóðfélaginu hverju sinni.

3. Framtíðarsýn 2010

Framtíðarsýn í skipulagi íþróttamála í Reykjavík á nýrri öld er að:

- ♦ Heilbrigð sál í hraustum líkama sé slagorð í fullu gildi.
- ♦ Samþætting skóla-, íþrótt- og tómstundastarfs laði fram það besta í einstaklingnum.
- ♦ Reykvískt afreksfólk verði í fremstu röð í heiminum.
- ♦ Íþróttaiðkun almennings verði sú mesta í Evrópu.
- ♦ Íþróttafélög starfi eftir íþróttanámsskrá sem tryggi börnum og unglingum faglega íþróttapjálfun.

4. Samanteknar niðurstöður

Uppbygging barna- og unglingastarfs:

Lögð verði áhersla á öflugt og náð samstarf skóla og íþróttafélaga, þar sem félögin komi í vaxandi mæli að íþróttakennslu í skólum borgarinnar, m.a. með ráðgjöf og íþróttaskóla.

Íþróttanámskrá þar sem stefna og markmið í þjálfun barna og unglinga eru skilgreind, verði tekin upp í öllum félögunum. Þátttaka unglinga í starfi íþróttafélaganna aukist með samþættingu íþrótt- og tómstundastarfs. Félögin verði í vaxandi mæli sýnileg í forystu forvarnastarfs gegn fíkniefnum.

Breytt skipulag afreksíþróttastarfs:

Mynduð verði afreksfélög sem aðskilin verði frá þeim íþróttafélögum sem sinna öðrum keppnisíþróttum, barna- og unglingastarfi og almenningsíþróttum. Reykjavík verði skipt í fjögur afrekssvæði. Samhliða þeirri svæðaskiptingu verði byggð upp keppnis- og æfingaaðstaða fyrir afreksíþróttir í samvinnu við Reykjavíkurborg, ríki og atvinnulíf.

Bætt uppbygging og aðstaða fyrir almenningsíþróttir innan íþróttafélaganna:

Aðstaða fyrir fjölbreyttari íþróttaiðkun verði bætt í félögunum þannig að allir í fjölskyldunni geti verið virkir þátttakendur á eigin forsendum. Þeim iðkendum sem ekki taka þátt í afrekskeppni verði samt sem áður gert kleift að æfa íþrótt sína og/eða keppa í henni. „Fjölskylduvæn íþrótt- og tómstundamiðstöð“ verði í hverju hverfi, og félagslegi þátturinn í starfsemi íþróttafélaganna verði eflur.

Fjárhagslegt rekstrarumhverfi íþróttafélaganna:

Opinberir aðilar komi í vaxandi mæli að fjármögnun ákveðinna þjónustupátta íþróttafélaganna, einkum hvað varðar félagsleg mál, þjálfun og fjármögnun forvarnastarfs.

Nýting íþróttamannvirkja verði bætt með breyttu skipulagi, m.a. með samnýtingu og samstarfi starfsmanna íþróttafélaga og borgarinnar og með gerð þjónustusamninga. Ríkisvaldið verði virkt við stuðning og fjármögnun þjóðarleikvanga í Reykjavík.

5. Núverandi staða

Hér á eftir eru nefnd þau atriði um stöðu íþróttamála í Reykjavík sem helst komu fram í umræðum í vinnuhópnum.

- Stöðu útisvæða hefur hrakað.
- Útisvæðin sem félögin hafa til umráða eru of lítil og litlir möguleikar á að stækka þau.
- Þegar íþróttasvæði eru lítil er álagið á þau mikið. Grassvæði eru ofnýtt.
- Sameiginlegt miðlægt æfingasvæði vantar fyrir félögin í Reykjavík.
- Viðhaldi mannvirkja íþróttafélaganna er víða ábótavant.
- Rekstrarstyrkir íþróttahúsanna rýrnuðu allt að 30% frá '91-'99 að raunvirði, en nú hefur það verið leiðrétt að hluta.
 - Átaks er þörf í viðhaldi og kostnaðargreiningu íþróttahúsa í Reykjavík.
 - Rekstarkostnaður hefur aukist.
 - Opinberar álögur hafa hækkað sbr. vsk.
 - Færri sjálfbóðaliðar fást nú til starfa.
- Fjármunir á undanförnum árum hafa verulega farið í stórframkvæmdir félaganna.
- Skortur er á bílastæðum og slíkri aðstöðu við ýmis íþróttamannvirki.
- Óskir hafa komið um stúkur við "heimavelli" 5-6 félaga (kostnaður er áætlaður að nemi hundruðum milljóna kr.).
- Óskir hafa komið um betri aðstöðu fyrir skotíþróttir.
- Óskir hafa komið um viðunandi aðstöðu fyrir sérgreinaíþróttir (einkum inni).
- Óskir hafa komið um inniaðstöðu fyrir frjálsar íþróttir.
- Nýting mannvirkja er mjög mismunandi.
- Íþróttahús eru oft laus yfir miðjan dag, vegna einsetningar skóla.
- Nýtingu ýmissa íþrótt- og tómstundamannvirkja mætti bæta m.a. til félagsstarfs, fyrir eldri borgara og fl. (gildir einnig um tengsl milli eigna Reykjavíkur og íþróttafélaganna).
- Íþróttaskóli barna er í gangi með samvinnu ÍTR, ÍBR, íþróttafélaganna og skólanna. Hann hefur verið í tengslum við heilsdagsskólann.
- ÍBR er ekki leiðandi í framkvæmdum sem samnefnari íþróttafélaganna.
- Takmörkuðum styrkjum er útdeilt á of marga liði. Forgangsröðun vantar.
- Meta/skoða þarf þörf á æfingaaðstöðu með hliðsjón af keppnisaðstöðu.
- Hugmyndir eru um sameiningu félaga og samnýtingu æfinga- og keppnisaðstöðu.
- Vaxandi kröfur er á íþróttafélögin um þjónustu við fjölskyldur.
- Félögin eru í auknum mæli að skapa sér trausta ímynd (þó í mismundandi mæli).
- Stjórnun félaganna brothætt (skipulag og samfella í stjórnnum ábótavant).
- Sjálfbóðaliðastarf er mikilvægur þáttur í rekstri íþróttafélaganna.
- Erfitt að fá fólk í sjálfbóðaliðastarf.
- Mismunandi stöðugleiki sjálfbóðaliðastarfs minni og nýrri félaga.
- Nýir sjálfbóðaliðar - foreldrastarf og því aukin þörf á starfsmanni til að sinna því.
- Vaxandi kröfur eru um launaða starfsmenn.
- Skortur er á aðlaðandi félagsstarfi bæði fyrir iðkendur og foreldra.
- Mismunandi stefnur í uppbyggingu starfs eftir aldri (keppnisfólk / áhugamennska).
- Mikið brottfall iðkenda og sjálfbóðaliða úr íþróttafélögum.
- Fyrirbyggjandi starf félaganna gegn fíkniefnum er byrjað.
- Óskir hafa komið um bætta aðstöðu fyrir tennis innanhúss.
- Unnið er að framtíðarúttekt og skipulagi skíðaaðstöðu borgarinnar.

-
- Skortur er á samhæfingu íþróttarannsókna.

6. Markmið, leiðir og aðgerðir

6.1 Uppbygging barna- og unglingastarfs

Öflugt samstarf verði milli skóla, íþróttafélaga og félagsmiðstöðva.

- Félögin taki upp skilgreinda íþróttánámsskrá varðandi stefnu og markmið í þjálfun barna og unglinga.
 - Kröfur verði gerðar um menntun og fagþekkingu þjálfara.
 - ÍBR aðstoði félögin með gerð íþróttánámsskrár.
- Skólar og íþróttafélög taki upp öflugt og náið samstarf.
 - Starfsemi hvers íþróttafélags verði í meginráttum skipt upp eftir skólum í hverfi félagsins.
 - Þjálfun fari að mestu leyti fram í íþróttamannvirkjum skóla og félaga.
 - Héraðsmót (Reykjavíkurmót) verði milli liða/keppenda frá hverjum skóla.
 - Foreldrastarf í skólum og íþróttafélögum verði tengt saman.
 - Áherslur á íþróttagreinar mótist eftir aðstæðum í og við hvern skóla.
- Yngstu bekkir grunnskólans fái kynningu á öllum tegundum íþrótta með aðstoð viðkomandi íþróttafélags.
 - Í gangi með íþróttaskóla barna.
 - Íþróttafélögin vinni markvisst að jákvæðri aðkomu barna að starfsemi félagsins.
- Skólar og íþróttafélög taki upp öflugt og náið samstarf, þar sem félögin komi í vaxandi mæli að íþróttakennslu í skólum borgarinnar, m.a. með ráðgjöf og íþróttaskóla.
 - Frekari þróun verði unnin út frá reynslu af íþróttaskóla barna. ÍBR, ÍTR og Fræðslumiðstöð Reykjavíkur vinni saman að mótun hugmynda um frekari þróun.
- Samþætting íþrótta- og tómstundastarfs leiði til aukinnar þátttöku unglinga í starfi íþróttafélaganna.
 - Aukið samstarf verði milli félagsmiðstöðva, æskulýðsfélaga, íþróttafélaga og annarra.
 - Unglingar hafi meiri áhrif á starfsemi íþróttafélaganna. (Unglingastjórn og/eða fulltrúar í stjórn).

- ÍBR verði í forystu með að koma á fót vettvangi fyrir unglunga að koma skoðunum sínum á framfæri.
 - Auknir valkostir minnki brottfall.
 - Unglingar fái tækifæri til að taka þátt í starfi íþróttafélaga án keppnismarkmiða eingöngu.
 - Unglingar komi meira að starfi félaganna.
 - Útbúnir verði nýir valkostir fyrir börn og unglunga.
 - Styrkjakerfi ÍBR taki mið af fleiri en keppnisfólki og breyti þannig viðhorfi til þeirra sem ekki vilja /geta orðið afreksmenn.
- Félögin verði í vaxaþndi mæli sýnileg í forystu í forvarnarstarfi gegn fíkniefnum.
 - ÍBR/ÍTR skipuleggi í samvinnu við íþróttafélög, skóla, æskulýðsfélög og félagsmiðstöðvar.
 - Skólar og íþróttamannvirki þeirra verði tengdari íþróttafélögunum
 - Tryggð verði þannig hámarksnýting mannvirkja sem fyrir eru.
 - Byggðir verði upplýstir og upphitaðir vellir með gerfiefnum í öllum hverfum borgarinnar.
 - Skólalóðir og leikvellir í hverfum verði skipulagðir með þarfir barnanna í fyrirrúmi.
 - Við hönnun nýrra íþróttamannvirkja skóla verði tekið mið af þörfum almennings og íþróttafélaga, sérstaklega við stærð mannvirkja.

6.2 Breytt skipulag afreksíþróttastarfs

Mynduð verði afreksfélög sem nái árangri vegna góðrar aðstöðu og öflugs fjárhags.

Íþróttafélögin standi að stofnun afreksfélaga, hugsanlega í hlutafélagaformi, sem verði aðskilin frá núverandi íþróttafélögum. Tilgangurinn er að skapa færri en sterkari einingar jafnt fjárhagslega og ekki síður varðandi árangur iðkenda.

- Borginni verði skipt í 4 afrekssvæði. Gert er ráð fyrir að einn afrekssflokkur frá hverri íþróttagreini verði á hverju afrekssvæði eftir því sem við á.
 - ÍBR setji af stað umræður og aðstoði við skilvirkar og raunhæfar leiðir, auk þess að veita faglega leiðsögn.
- Skipulag borgarinnar taki mið af skiptingu í 4 afrekssvæði.
 - ÍTR, ÍBR og Borgarskipulag komi að að vinnslu þess.

Byggð verði upp keppnis- og æfingaaðstaða fyrir afreksíþróttir með aðkomu Reykjavíkurborgar, ríkis og atvinnulífs.

- Keppnisvellir í knattspyrnu verði á hverju afrekssvæði.
- Byggt verði stórt knattspyrnuhús sem uppfylli kröfur um alþjóðleg mót.
- Fullkominn alþjóðlegur keppnisvöllur (þjóðarleikvangur) fyrir knattspyrnu og frjálsar íþróttir verði áfram byggður upp.
- Sameiginlegu æfingasvæði fyrir knattspyrnu verði komið upp sem nýtist öllum félögunum.
- Byggt verði upp fjölnotahús með m.a. með aðstöðu fyrir frjálsar íþróttir.
- Byggð verði yfirbyggð 50 mtr. sundlaug.
- Aðstöðu fyrir sérgreinaíþróttir fyrir m.a. glímu, sjálfsvarnaríþróttir, blak og fleira verði komið upp. Í því sambandi verði sérstaklega skoðuð nýting núverandi mannvirkja.

6.3 Aukin áhersla á almenningsíþróttir innan íþróttafélaganna

Aukin fjölbreytni íþróttastarfs laði breiðari aldurshópa að íþróttafélögunum, þar sem allir í fjölskyldunni geti verið virkir þátttakendur á eigin forsendum.

Aðstaða fyrir fjölbreyttari íþróttaiðkun verði bætt í félögunum.

- Almenningsíþróttir skipi veglegan sess í íþróttanámskrám félaganna.
- Foreldrum verði gert kleyft að iðka íþróttir á meðan börnin eru á skipulögðum íþróttæfingum. sbr. ganga, skokka, synda, hjóla og aðra líkamsrækt.
- Fjölskylduvæn íþrótta- og tómstundamiðstöð verði í hverju hverfi Samstarf við skipulagsyfirvöld er mikilvægt í þessu samstarfi. Núverandi mannvirki verði nýtt betur í því sambandi.
- Þeim iðkendum sem ekki eru að taka þátt í afrekskeppni verði gert kleift að keppa og/eða æfa í sinni íþrótt.
- Aukin tengsl milli félaga skapi vettvang fyrir fjölbreyttni.
- Félögin auki samstarf milli mismunandi deilda sinna.
- Aðstaða fyrir siglingafólk verði bætt í Nauthólsvík.
- Athugað verði með byggingu nýs skautasvells.
- Æfingasvæði s.s. fyrir golf, bogfimi, tennis, knattspyrnu og fleiri íþróttir verði útbúin og opin almennungi á útivistarsvæðum borgarinnar, t.d. í Öskjuhlíð, og Elliðaárdal. Undirbúið í samráði við skipulagsyfirvöld.
- Skíðasvæði innan borgarmarkanna fyrir yngri aldurshópa verði eflað, m.a. með breyttum opnunartíma.
- Aðbúnaður og aðstaða skíðalanda höfuðborgarsvæðisins verði stórbætt.

Félagslegi þátturinn í starfsseminni verði eflaður.

- Aukin tengsl íþróttafélaga, félagsmiðstöðva og skóla.
- Hópar myndaðir innan félaganna um áhugamál önnur en íþróttir.

- Fjölga sjálfboðaliðum (foreldrum) með því að tengja betur félög og foreldra.
- Félögin fái styrki eða starfsmann greiddan af borginni sem skipuleggi félagslegan þátt íþróttastarfsins sbr. samþykktir stjórna ÍBR og ÍTR.
- Félögin bjóði upp á opna setustofu með möguleika á veitingum.

6.4 Fjárhagslegt rekstrarumhverfi íþróttafélaga

Rekstur íþróttafélaganna byggir á traustum grunni

Nýting íþróttamannvirkja verði bætt með breyttu skipulagi, m.a. með samnýtingu og samstarfi starfsmanna íþróttafélaga og borgarinnar og með gerð þjónustusamninga.

- Styrkjakerfi ÍTR og ÍBR verði endurskoðað.
- Rekstrarstyrkir breytist í samræmi við breytingar á verðlagi.
- Kostnaðarvitund félaganna verði eflað.

Íþróttafélögin verði sterkar einingar sem byggir á traustum grunni, jafnt faglega sem rekstrarlega.

- Félögin taki upp skilgreinda íþróttanámsskrá.
 - Félögin verði með skilgreinda gæðastaðla hvað varðar:
 - Stefnu og markmið.
 - Stjórnun, skipurit og innra starf.
 - Fjárhag og bókhald.
 - Þjálfun og menntun þjálfara.
 - Þjálfun verði skilgreind sem fullt starf sem byggir á fagþekkingu.
 - Félögin setji sér sérstaka jafnréttisáætlun.
- Opinberir aðilar komi í vaxandi mæli að fjármögnun ákveðinna skilgreindra þjónustuþátta íþróttafélaganna.
 - Reykjavíkurborg greiði hlutdeild í starfsmannakostnaði vegna félagslegra mála og þjálfunar sbr. samþykktir stjórna ÍTR og ÍBR.
 - Ríki og borg taki þátt í fjármögnun forvarnarstarfs íþróttafélaganna.
- Fyrirtæki komi í auknum mæli að sem kostendur að ákveðnum rekstri-og fjárfestingum.
 - Félögin skilji gagnsemi viðskiptalegra tengsla við fyrirtæki, og sjái um faglega stjórnun þess hvert fjármagnið fer.

-
- Hvatt verði til að fjölmiðlaumfjöllun um íþróttir og gildi þeirra verði aukin og bætt og íþróttافرétamenn fá faglega fræðslu og kynningu.
 - Tekið verði upp samstarf við félag íþróttافرétamanna.
 - ÍBR standi að vali íþróttافرéttamanns ársins.
 - Ríkisvaldið verði virkt við stuðning og fjármögnun þjóðarleikvanga. Má í því sambandi nefna eftirfarandi verkefni:
 - Laugardalsvöllur þjóðarleikvangur í knattspyrnu og frjálsum íþróttum verði áfram byggður upp og endurbættur.
 - Yfirbyggð 50 mtr. sundlaug verði byggð.
 - Aðstöðu fyrir sérgreinaíþróttir fyrir m.a. glímu, sjálfsvarnaríþróttir, blak og fleira verði komið upp.
 - Byggt verði upp fjölnota íþróttahús með m.a. aðstöðu fyrir frjálsar íþróttir.

Viðauki

Hér á eftir fer ýmiskonar ítarefni sem ætlað er til að styðja efni þessarar skýrslu.

1. Sjálfbóðaliðastarf íþróttafélaganna.
Skoðanakönnun ÍBR sem gerð var meðal íþróttafélaga í Reykjavík vorið 1999.
2. Íþróttamannvirki í Reykjavík.
Listi yfir íþróttamannvirki í Reykjavík af Mannvirkjavef ÍSÍ og Menntamálaráðuneytisins.
Mannvirkjavefur ÍSÍ og Menntamálaráðuneytisins.
<http://www.toto.is/mannvirki/>
3. Íþróttanámskrá ÍBR.
Úrdráttur úr Íþróttanámskrá Íþróttabandalags Reykjavíkur.
Janus Guðlaugsson, Íþróttanámskrá Íþróttabandalags Reykjavíkur, Reykjavík: Íþróttabandalag Reykjavíkur 1998.
4. Ungt fólk '97.
Rannsókn á íþrótt- og tómstundaiðkun ungs fólks sem gerð var fyrir ÍTR vorið 1997.
Niðurstöður rannsókna á íþrótt- og tómstundaiðkun ungs fólks vorið 1997 (drög), Reykjavík: *Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur, Rannsóknir og greining 2000.*
5. Stefna ÍBR 1996-'98.
Nokkur atriði úr stefnumótun og starfsáætlun ÍBR 1996-'98.
Skýrsla stjórnar ÍBR starfsárin 1996 og 1997, Reykjavík: *ÍBR 1998.*
6. Þátttaka almennings í íþróttum.
Skoðanakönnun PricewaterhouseCoopers á íþróttaiðkun og líkamsrækt okt./nóv. 1999.
Skoðanakönnun um íþróttaiðkun og líkamsrækt, Reykjavík: *PricewaterhouseCoopers 1999.*

Skoðanakönnun PricewaterhouseCoopers á íþróttaiðkun og líkamsrækt almennings í maí/júní 2000.
Skoðanakönnun um íþróttaiðkun og líkamsrækt almennings, Reykjavík: *PricewaterhouseCoopers 2000.*